

**Skipulagsstofnun**

**14 301**

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Skipulagsstofnun**

**kt. 590269-5149**

**Borgartúni 7b, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skipulagsstofnun er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin sinnir stefnumótun, stjórnslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 387,3 milljónir og afkoma kr. 18,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 27,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 86,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Skipulagsstofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Skipulagsstofnunar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir  
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	335.200.000	307.500.000
Seld þjónusta .....	3	17.418.052	19.737.020
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	30.360.523	11.287.955
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	4.338.087	3.956.182
<b>Tekjur samtals</b>		<b>387.316.662</b>	<b>342.481.157</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	263.964.905	248.766.073
Framlög og tilfærslur .....	6	420.000	100.000
Annar rekstrarkostnaður .....	7	100.339.097	64.976.443
Afskriftir .....	8	4.338.087	3.956.182
<b>Gjöld samtals</b>		<b>369.062.089</b>	<b>317.798.698</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>18.254.573</b>	<b>24.682.459</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(54.835)	(41.949)
		(54.835)	(41.949)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>18.199.738</b>	<b>24.640.510</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	16.219.738	22.340.510
Rekstrartilfærslur .....		1.980.000	2.300.000
		<b>18.199.738</b>	<b>24.640.510</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	9	41.670	87.110
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður .....		18.417.956	20.244.518
Farartæki og vélar .....		246.156	275.694
Aðrar eignir .....		250.000	250.000
		<u>18.914.112</u>	<u>20.770.212</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>18.955.782</u>	<u>20.857.322</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		7.901.292	7.787.283
Tengdir aðilar .....	11	59.289.868	33.633.851
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	12	9.444	276.260
Handbært fé .....		711.125	888.188
		<u>67.911.729</u>	<u>42.585.582</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>67.911.729</u>	<u>42.585.582</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>86.867.511</u>	<u>63.442.904</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	13		
Hrein eign .....		27.724.954	9.525.216
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>27.724.954</u>	<u>9.525.216</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	723.383	34.000
Viðskiptaskuldir .....		11.050.530	8.222.377
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	29.426.519	26.701.099
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	17.942.125	18.960.212
		<u>59.142.557</u>	<u>53.917.688</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>59.142.557</u>	<u>53.917.688</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>86.867.511</u>	<u>63.442.904</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		18.199.738	24.640.510
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	4.338.087	3.956.182
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(4.338.087)	(3.956.182)
Söluhagnaður .....	2	220.000	0
		<u>18.419.738</u>	<u>24.640.510</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		152.807	4.217.404
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		5.553.573	9.026.903
		<u>5.563.880</u>	<u>13.244.307</u>
		<u>23.983.618</u>	<u>37.884.817</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	10	(2.436.547)	(3.897.110)
		<u>(2.436.547)</u>	<u>(3.897.110)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
Tengdir aðilar .....		(24.824.134)	(35.704.494)
Fjárfestingarframlag .....		3.100.000	2.000.000
		<u>(21.724.134)</u>	<u>(33.704.494)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(177.063)	283.213
		<u>888.188</u>	<u>604.975</u>
		<u>711.125</u>	<u>888.188</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila

- leiguskuldbinding: óuppsægjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár

- uppsægjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	335.200.000	307.500.000
Tekjufærsla fjárveitinga .....	335.200.000	307.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	4.338.087	3.956.182
	<b>339.538.087</b>	<b>311.456.182</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	319.800.000	2.400.000	0	322.200.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	13.000.000	0	0	13.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>332.800.000</b>	<b>2.400.000</b>	<b>0</b>	<b>335.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ....	(316.580.262)	(420.000)	0	(317.000.262)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>16.219.738</b>	<b>1.980.000</b>	<b>0</b>	<b>18.199.738</b>

	2019	2018
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	15.469.800	17.986.600
Ýmsar þjónustutekjur .....	1.006.501	859.597
Fræðslustarfsemi og fundir .....	941.751	890.823
	<b>17.418.052</b>	<b>19.737.020</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild .....	30.236.573	11.188.516
Ýmsar tekjur .....	123.950	99.439
	<b>30.360.523</b>	<b>11.287.955</b>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	211.657.027	196.970.859
Orlof, breyting .....	1.712.108	3.737.508
Launatengd gjöld .....	47.710.331	44.990.604
Starfsmannakostnaður .....	2.885.439	3.067.102
	<b>263.964.905</b>	<b>248.766.073</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	24,0	23,5
------------------------------	------	------

### 6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir .....	420.000	100.000
	<b>420.000</b>	<b>100.000</b>

## Skýringar

	2019	2018
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.010.012	1.127.900
Ýmis tæki og áhöld .....	180.593	527.694
Orkugjafar .....	706.061	741.275
Matvæli .....	4.320.115	3.863.807
Almennar rekstrarvörur .....	198.328	470.268
Vörukaup, almenn	<u>6.415.109</u>	<u>6.730.944</u>
Fundir, námskeið, risna .....	6.163.096	3.226.683
Ferðir, uppihald .....	4.497.854	2.686.471
Akstur .....	739.453	450.662
Sérfræðiþjónusta .....	34.452.046	22.296.422
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	167.948	50.015
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	5.972.389	3.457.501
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.117.691	3.065.753
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>54.110.477</u>	<u>35.233.507</u>
Samningsbundin kaup og leiga .....	0	130.928
Afnotagjöld .....	10.124.495	6.482.890
Leigugjöld .....	23.633.978	11.244.950
Notkun véla og flutningatækja .....	55.160	48.820
Verkkaup .....	3.964.595	3.186.314
Kostnaðarhlutdeild .....	2.035.283	1.881.090
Tapaðar kröfur .....	0	37.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>39.813.511</u>	<u>23.011.992</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>100.339.097</u>	<u>64.976.443</u>
	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	4.263.109	3.891.050
Farartæki og vélar .....	29.538	19.692
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	45.440	45.440
	<u>4.338.087</u>	<u>3.956.182</u>
	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
<b>9 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	41.670	87.110
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 1.1.2019 .....		<u>136.336</u>
		<u>136.336</u>
Niðurfært 1.1.2019 .....		49.226
Niðurfærsla ársins .....		45.440
		<u>94.666</u>
Staða 31.12.2019 .....		<u>41.670</u>

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>10 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	18.417.956	20.244.518
Farartæki og vélar .....	246.156	275.694
Aðrar eignir .....	250.000	250.000
	<u>18.914.112</u>	<u>20.770.212</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	29.991.588	295.386	250.000	30.536.974
Viðbætur á árinu .....	2.436.547	0	0	2.436.547
	<u>32.428.135</u>	<u>295.386</u>	<u>250.000</u>	<u>32.973.521</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	9.747.070	19.692	0	9.766.762
Afskrift ársins .....	4.263.109	29.538	0	4.292.647
	<u>14.010.179</u>	<u>49.230</u>	<u>0</u>	<u>14.059.409</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>18.417.956</u>	<u>246.156</u>	<u>250.000</u>	<u>18.914.112</u>

	31.12.2019	31.12.2018
<b>11 Tengdir aðilar</b>		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	59.147.368	12.464.689
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	21.169.162
	<u>59.289.868</u>	<u>33.633.851</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	723.383	34.000
	<u>723.383</u>	<u>34.000</u>

### 12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	9.444	276.260
	<u>9.444</u>	<u>276.260</u>

## Skýringar

### 13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	9.525.216	(15.115.294)
Afkoma ársins .....	18.199.738	24.640.510
Jöfnuður 31.12. ....	27.724.954	9.525.216

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
<b>14 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	27.919.562	26.207.454
Ógreidd laun .....	1.303.416	0
Önnur ógreidd gjöld .....	203.541	493.645
	29.426.519	26.701.099

### 15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	18.955.782	20.857.322
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) . ....	(1.013.657)	(1.897.110)
	17.942.125	18.960.212

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	20.857.322	(1.897.110)	18.960.212
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	3.100.000	3.100.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	220.000	220.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	2.436.547	(2.436.547)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(4.338.087)	0	(4.338.087)
	18.955.782	(1.013.657)	17.942.125

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 3,5 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

## Skýringar

### 16 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi ótímabundna samninga um húsnæði að Borgartúni 7B, 105 Reykjavík og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 23,2 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 16,5 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.